



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á ráðstefnu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands,
Norræna hússins og utanríkisráðuneytisins,
„Hvert stefnir Ísland? Alþjóðasamvinna á krossgötum“.**

**Norræna húsinu,
16. júní 2021**

Það var fyrir um fjórtán árum að ég flutti erindi á svipaðri ráðstefnu. Yfirskriftin var keimlík, „Ísland á alþjóðavettvangi – erindi og ávinningur“, og utanríkisráðuneytið stóð að henni í samvinnu við háskólana hér á landi. Erindi mitt þá bar heitið „Skiptum við máli?“ – Með spurningarmerki.

Í þann tíð var ég ungur háskólakennari. Nú er ég hvorugt. Nú er viðfangsefnið svipað en ég stend á öðrum sjónarhóli. Í því ljósi, og sömuleiðis hinu að hér er alþjóðasamvinna í brennidepli, kemur mér í hug spakmælið góða sem hljóðar svo á ensku: Where you stand depends on where you sit. Fólki í háskólasamfélagi er uppálagt að vera gagnrýnið og hvasst ef því er að skipta, að spyrja ekki hvað maður geti gert fyrir ríkisvaldið heldur hvaða aðhald því megi veita.

Á hinn bóginn er það nánast skrifað í starfslýsingu þjóðhöfðingja um víða veröld að hampa öllu því markverða sem eigið ríki getur lagt til mála á alþjóðavettvangi. Bjartsýni og jákvæðni verða að ráða för, kapp og þor. Ætti erindi mitt hér að nefnast eitthvað lægi því beint við að breyta orðaröðinni frá því forðum daga. „Við skiptum máli,“ gæti það heitið, án spurningarmerkis, án fyrirvara, án hiks.

Nú bæti ég því líka við að í morgun varð ég þeirrar ánægju aðnjótandi að ræða við Egil Bjarnason, höfund skemmtilegrar og víðlesinnar nýrrar bókar um áhrif Íslands á alþjóðavettvangi. „How Iceland Changed the World“, heitir ritið og er þar meðal annars rakið með nokkrum dæmum hvernig Íslendingar hafa

breytt gangi mannkynssögunnar í tímans rás. Vissulega olli mannfólkið ekki Skaftáreldum en Egill bendir á hvernig uppskerubrestur vegna móðunnar sem lagðist yfir Evrópu stuðlaði að aukinni gremju bænda í Frakklandi – sem síðan leiddi til upphota og stjórnarbyltingar. Þessi frásögn er kunn og skemmtilegt dæmi um mögulegt orsakasamhengi í sögunni.

Egill rekur fleiri dæmi um áhrifamátt Íslendinga, bæði í gamni og alvöru, en vissulega er það svo að hugmynda um úrslitavald eða áhrif Íslendinga á alþjóðavettvangi gætir kannski stundum helst hér á Íslandi sjálfu. Skiptum við þá ekki neinu máli? Já, það var fyrir 14 árum að ég flutti erindi á keimlíkri ráðstefnu og þessari hér. Það var sem sagt árið 2007. Það ártal hefur orðið að nokkurs konar táknmynd glannaskapar og stærilætis. „Dramb er falli næst, hroki veit á hrun,“ segja Orðskviðirnir.

Eins slæm eru þó „ennin“ þrjú: niðurrif, neikvæðni og nöldur. Margt í lífi fólks og þjóða snýst um jafnvægislist, að feta meðalveg, að byggja á grunni raunsæis, reisa ekki skýjaborgir en lenda ekki heldur í því að reisa ekki neitt vegna vantrúar á eigin getu.

Þjóð með sjálfsgagnrýni getur litið í eigin barm, bent á það sem miður fór og viðurkennt að enn sé margt sem megi bæta.

Þjóð með sjálfsvirðingu er stolt af því sem vel er gert, hún ver hagsmuni sína ef að henni er sótt.

Þjóð með sjálfstraust þarf ekki að minna sjálfa sig og aðra á það í tíma og ótíma hversu frábær hún sé en hún horfir samt björtum augum fram á veg.

Og þangað stefnir Ísland.